

M I N N I S B L A D

Sendandi: JURIS lögmannsstofa / Páll Ásgrímsson hdl. / Finnur Magnússon hdl.

Móttakandi: Nefnd um fjárfestingar og afnotarétt útlendinga á fasteignum hér á landi

Dags.: 12. maí 2014.

Efni: Heimild til að takmarka rétt EES ríkisborgara til eignaréttar eða afnotaréttar að fasteignum.

A. Inngangur

1. Með tölvubréfi, dags. 26. mars sl., óskaði innanríkisráðuneytið eftir lögfræðilegu álíti á tilteknum atriðum varðandi heimild íslenska ríkisins, sem samningsaðila að EES-samningnum, til að takmarka rétt EES-ríkisborgara til eignaréttar eða afnotaréttar að fasteignum hér á landi. Í verkefnalýsingu ráðuneytisins segir eftirfarandi:

„Verkefnið væri [...] að yfirfara þau sjónarmið og lagarök sem fram koma, sérstaklega hjá Stefáni [Má Stefánssyni] og Jens [Hartvig Danielsen], og leggja mat á þau. Hér væri einnig spurning hvort vinna þurfi frekari greiningu til að fylla inn í þessa mynd, en viðfangsefni okkar er [...] að svara þeirri spurningu hvort heimilt er að takmarka rétt EES útlendinga til eignarréttar eða afnotaréttar á fasteignum hér á landi ef afnotin tengjast ekki búsetu, staðfestu eða þjónustustarfsemi.“ (undirstrikanir eru höfunda)

2. Með vísan til þessarar verkefnalýsingar verður hér á eftir fjallað um eftirfarandi efnispætti sérstaklega: (i) sjónarmið og lagarök sem fram koma í álíti Stefáns Más Stefánssonar og Jens Hartvig Danielsens, dags. 6. desember 2012. Hvað þennan efnispáttinn varðar verður fjallað um þau atriði sem einkum eru lögð til grundvallar af hálfu höfunda minnisblaðsins, þ.á m. hvort að gera beri greinarmun á rétti til fjármagnsflutninga fyrir og eftir gildistöku Maastrichtsáttmálans 1. janúar 1994 og þá hvaða réttaráhrif það kann að hafa á meginmál EES-samningsins og réttargerðir ESB sem settar voru í kjölfarið og innleiddar hafa verið í íslenskan rétt í samræmi við skyldur Íslands samkvæmt EES-samningnum; og (ii) svigrúm íslenska ríkisins til að takmarka rétt EES-borgara til eignaréttar eða afnotaréttar á fasteignum hér á landi ef afnotin tengjast ekki búsetu, staðfestu eða þjónustustarfsemi;

3. Að því leyti sem ný álitamál vakna, einkum ef talið verður að lagarök og sjónarmið í álíti Stefáns Más Stefánssonar og Jens Hartvig Danielsen séu gagnrýniverð, verður fjallað sérstaklega um þau álitaefni eftir því sem ástæða þykir til.

4. Rétt er að taka fram að í minnisblaðinu verður almennt vísað til stofnsáttmála Evrópusambandsins án tillits til einstakra breytingarsáttmála í kjölfar ríkjaráðstefna sambandsins, s.s. Amsterdam, Nice og Lissabon o.s.frv. Þannig verður einungis fjallað um breytinguna sem varð á frjálsu flæði fjármagns, einkum með samþykkt Maastricht sáttmálans, eftir því sem þurfa þykir og að því marki sem það hefur þýðingu við samningu minnisblaðs þessa. Þá verður fjallað um Evrópusambandið þótt að í einstökum tilvikum eigi umfjöllunin við um Efnahagsbandalag Evrópu, o.s.frv. Sama gildir um dómstóla Evrópusambandsins, þeir verða hér eftir nefndir Evrópu-dómstóllinn. Er þessi tilhögur höfð til að hagræðis og til að koma í veg fyrir of flókna framsetningu einstakra efnisatriða.¹

B. Helstu niðurstöður

- Einstaklingar og lögaðilar sem falla undir ákvæði EES-samningsins njóta sjálfstæðs réttar samkvæmt 40. gr. EES-samningsins til að kaupa fasteignir hér á landi. Íslensk stjórnvöld geta takmarkað þennan rétt á grundvelli 43. gr. EES-samningsins eða almannahagsmuna.
- Af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er ljóst að unnt er að takmarka rétt erlenda aðila til að kaupa fasteignir hér á landi ef takmörkunin byggir á sjónarmiðum um:
 - skipulag tiltekinna svæða
 - landbúnað og rekstur tiltekinna bújarða
 - stefnu stjórvalda að búseta skuli vera á tilteknum svæðum allt árið
 - umhverfisvernd og vernd sérstakra menningarsvæða
- Takmörkun á rétti erlendra aðila samkvæmt 40. gr. EES-samningsins má aldrei byggja á ríkisfangi - m.ö.o. mismunun á grundvelli þjóðernis er í andstöðu við EES-samninginn. Þá ber við takmörkun réttar samkvæmt EES-samningnum að gæta meðalhófs í hvívetna.
- Í nýlegri ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA komst hún að þeirri niðurstöðu að norsk lög, sem takmarka rétt aðila til að kaupa fasteignir í Noregi, fælu ekki í sér brot gegn 40. gr. EES-samningsins. Nærtækast væri að líta til norsks réttar varðandi hugsanlegar takmarkanir sem innleiddar yrðu hér á landi.

¹ Um almenna umfjöllun á sögulegum breytingum á réttinum á frjálsu flæði fjármagns vísast til umfjöllunar C. Barnard, *The Substantive Law of the EU - The Four Freedoms*, Oxford University Press, 2013, bls. 579 og áfram, og K. Leanerts, *European Union Law*, Sweet & Maxwell 2011, bls. 285 og áfram. Þess ber að geta að höfundur síðari bókarinnar er varaforseti Evrópudómstólsins.

C. Um sjónarmið og lagarök Stefáns Más Stefánssonar og Jens Hartvig Danielsen

5. Þann 6. desember 2012 gáfu Stefán Már Stefánsson og Jens Hartvig Danielsen út álitsgerð til innanríkisráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar breytingar ráðuneytisins á lögum og reglum er leitt gætu til takmörkunar á rétti „útlendinga“ til að fjárfesta í fasteignum hér á landi.²

6. Höfundar þessa minnisblaðs eru sammála þeim fjölmörgu sjónarmiðum sem fram koma í álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartvig og varða hefðbundin sjónarmið um efni og inntak ESB-réttar og EES-réttar. Aftur á móti eru gerðar athugasemdir við túlkunaraðferðir og margar af þeim ályktunum sem dregnar eru af þeirra hálfu, s.s. þýðingu samþykktar Maastricht sáttmálans og áhrif gildistöku hans á rétt aðila samkvæmt EES-rétti og hvaða svigrúm samningsaðilar að EES-samningnum njóta við takmörkun á rétti erlendra einstaklinga og lögaðila til að kaupa fasteignir.

7. Höfundar þessa minnisblaðs telja að ef sú aðferðarfræði sem lögð er til grundvallar í álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartvig yrði almennt notuð, þegar réttindi og skyldur samningsaðila að EES-samningnum yrðu ákvarðaðar, væri ljóst, að það fjórfrelsi sem mælt er fyrir um í samningnum væri mun takmarkaðra en það hefur verið um árabil. Af þessu leiðir, að mati höfunda, að leggja beri aðra nálgun til grundvallar þegar metið er hversu mikið svigrúm Ísland nýtur, sem samningsaðili að EES-samningnum, við takmörkun á rétti einstaklinga og lögaðila til að kaupa fasteignir hér á landi. Það leiðir þó ekki þegar af þeirri ástæðu til annarrar niðurstöðu, sbr. nánar síðar.

8. Eins og ráða má af rökstuðningi Evrópusjónum og EFTA dómstólsins nálgast umræddir dómstólar þau álitaefni sem þeim ber að leysa úr þannig að metið er hvort að réttindi aðila á markaði (e. individuals and economic operators) skerðist þegar samningsríki samþykka lög og reglur sem áhrif hafa á hið svokallaða fjórfrelsi. Vísast í þessu sambandi til t.d. niðurstöðu EFTA dómstólsins í *Fokus Bank* máli:³

Article 40 EEA prohibits restrictions between the Contracting Parties on the movement of capital belonging to persons resident in EC or EFTA States, and discrimination based on the nationality or the place of residence of natural or legal persons or on the place where such capital is invested. That provision confers a right upon individuals and economic operators to market access (see, with regard to the free movement of services, Case E-1/03 EFTA Surveillance Authority v Iceland, at paragraph 30).

² Í beiðni ráðuneytisins er þetta m.a. orðað svo: „Der ønskes en redegørelse for EØS-aftalens regler om kapitalens frie bevægelighed og EØS-staters mulighed for at betinge udlændinges investeringer i fast ejendom af forudgående tilladelse.“

³ Fokus Bank and The Norwegian State, EFTA Case E-1/04, para 25.

9. Af þessu leiðir að þegar metið er hvort að lög og reglur samningsaðila að takmarki rétt aðila til að flytja fjármagn á grundvelli 40. gr. EES-samningsins frá einu samningsríki til annars, hvort heldur sem það er vegna nýtingar á hinum þáttum fjórfrelsisisins eða ekki, s.s. vegna kaupa á fasteign, þá verður metið hvort að réttur *einstaklinga og lögaðila* eins og hann er afmarkaður í EES-samningnum sé skertur. Í því sambandi hefur minni þýðingu hvort og að hvaða leyti einstakir samningsaðilar að EES-samningnum skuldbundu sig að þjóðarétti að teknu tillit til efnis einstakra stofnsáttmála ESB, líkt og álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartvig byggir að mestu leyti á. Byggir þessi afstaða okkar á dómafordænum EFTA dómstólsins.

10. EFTA dómstóllinn hefur ítrekað vísað til þessa réttar einstaklinga og lögaðila þegar fjallað hefur verið um einstaka þætti fjórfrelsisisins. Þessu til viðbótar hefur dómstóllinn lagt áherslu á raunverulegan rétt þessara aðila (e. right to market access) til að nýta sér þau réttindi sem skilgreind eru í EES-samningnum. Í einu máli, *Pálmi Sigmarsson gegn Seðlabanka Íslands*, var fjallað um rétt til að notfæra sér þennan rétt. Málið varðaði rétt íslensks ríkisborgara til að flytja íslenskar krónur, sem keyptar voru erlendis, til að greiða inn á lán ríkisborgarans á Íslandi. Í forsendum dóms EFTA dómstólsins sagði m.a. hvað þetta varðar:

„Article 40 EEA prohibits restrictions between the Contracting Parties on the movement of capital belonging to persons resident in the EEA, and discrimination based on the nationality or the place of residence of natural or legal persons or on the place where such capital is invested. It is settled case-law that this Article confers a right upon individuals and economic operators to market access (see Cases E-1/04 Fokus Bank [2004] EFTA Ct. Rep. 11, paragraph 25, and E-10/04 Piazza [2005] EFTA Ct. Rep. 76, paragraph 32).⁴

11. Samkvæmt þessu er ljóst að þegar metið er hvort að lög og reglur samningsaðila takmarki rétt aðila samkvæmt 40. gr. EES-samningsins, hvort heldur sem það er vegna nýtingar á hinum þáttum fjórfrelsisisins eða ekki, þá verður metið hvort að *raunverulegur réttur* sé skertur. Í því sambandi skiptir minna máli lagatæknileg greining á því hvert efni 40. gr. EES-samningsins megi teljast, líkt og álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartvig byggir á, þ.á. m að teknu tillit til þess hvort að Evrópusáttmálinn hafi talið tilskipun 88/261/EEC hafa haft bein réttaráhrif og þá að hvaða leyti mismunandi orðalag stofnsáttmála Evrópusambandsins hafi verið fyrir og eftir samþykkt Maastricht sáttmálans.

⁴ Pálmi Sigmarsson gegn Seðlabanka Íslands, EFTA Case E-3/11, para 29.

12. Í fyrrnefndri álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartvig er lögð umtalsverð áhersla á að gera verði greinarmun á því hvaða reglur gildi, um rétt erlendra aðila til að kaupa fasteignir hér á landi, eftir því hvort litið sé til dómaframkvæmdar Evrópu-dómstólsins fyrir eða eftir samþykkt Maastricht sáttmálans. Í því sambandi er lögð á það áhersla að meginregla EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns sé efnislega hin sama og eldri regla stofnsáttmála ESB *fyrir samþykkt Maastricht sáttmálans*, þ.e. fyrir upptöku nánari samruna milli aðildarríkja ESB á sviði gjaldeyrismála og upptöku sameiginlegs gjaldmiðils. Er komist að þeirri niðurstöðu með vísan til dómaframkvæmdar Evrópu-dómstólsins fyrir og eftir gildistöku Maastricht sáttmálans að ekki sé til staðar sjálfstæður réttur á grundvelli 40. gr. EES-samningsins fyrir erlenda aðila til að kaupa fasteignir hér á landi.

13. Höfundar þessa minnisblaðs telja þessa niðurstöðu prófessoranna byggja um of á þeirri staðreynd að Maastricht sáttmálinn hafi haft í för með sér breytingar á því ákvæði ESB sem gilti um frjáls flæði fjármagns og enn fremur hvaða áhrif þessi breyting hafði á samruna og/eða samstarf aðildarríkja Evrópusambandsins. Að okkar mati ber þess í stað að leggja áherslu á að með samþykkt Maastricht sáttmálans breyttist það orðalag í stofnsáttmálum ESB sem gilti um frjálst flæði fjármagns þannig að eftir sáttmálabreytinguna líktist það mun meira orðalagi EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Í *Ospelt* málínu fjallaði Evrópu-dómstóllinn um það atriði, hvort 40. gr. EES-samningsins og eldra ákvæði stofnsáttmála ESB, sem nú er 63. gr. Lissabon sáttmálans, væru efnislega samhljóða:

Article 40 of and Annex XII to the EEA Agreement are applicable to the dispute in the main proceedings which relates to a transaction between nationals of States party to that Agreement. The Court may give an interpretation of them where a reference is made by a court of a Member State with regard to the scope within that State of an agreement which forms an integral part of the Community legal system [...].

However, it is apparent from those provisions that the rules laid down in them prohibiting restrictions on the movement of capital and discrimination, so far as concerns relations between the States party to the EEA Agreement, irrespective of whether they are members of the Community or members of EFTA, are identical to those under Community law with regard to relations between the Member States. [...].

Furthermore, one of the principal aim of the EEA Agreement is to provide for the fullest possible realization of the free movement of goods, persons, services and capital within the whole European Economic Area, so that the internal

market established within the European Union is extended to the EFTA States. From that angle, several provisions of the abovementioned Agreement are intended to ensure, as uniform an interpretation as possible thereof throughout the EEA (see Opinion 1/92 [1993] ECR I-2821). It is for the Court, in that context, to ensure that the rules of the EEA Agreement which are identical in substance to those of the Treaty are interpreted uniformly within the Member States.

Accordingly, the answer to the first question must be that rules such as those laid down by the VGVG making transactions relating to agricultural and forestry plots subject to administrative controls must, where a transaction is in issue between nationals of States party to the EEA Agreement, be assessed in the light of Article 40 of and Annex XII to the aforementioned Agreement, which are provisions possessing the same legal scope as that of Article 73b of the Treaty, which is identical in substance.⁵

14. Af framansögðu leiðir að ekki ber einungis að horfa til þess að 63. gr. Lissabon-sáttmálans breyttist eftir samþykkt Maastricht sáttmálans, heldur *hvaða breyting* varð á efni ákvæðisins við samþykkt Maastricht sáttmálans. Eins og ráða má af framangreindum rökstuðningi Evrópudómstólsins þá er efni 40. gr. EES-samningsins og 63. gr. Lissabonsáttmálans enn efnislega samhljóða þrátt fyrir þá orðalagsbreytingu sem átti sér stað með samþykkt Maastricht sáttmálans.

15. Af þessum sökum verður að telja að umtalsverðar lískur séu á því að EFTA dómstóllinn muni taka tillit til dóma Evrópudómstólsins þegar metið verður hvort að takmarkanir á rétti erlendra aðila til að kaupa fasteignir hér landi og hugsanlega innleiddar verða brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins og eftir atvikum 43. gr. sama samnings. Þessi afstaða mun byggja á orðalagi 40. gr. EES-samningsins, og eftir atvikum 63. gr. Lissabonsáttmálans eins og hún hefur verið túlkuð í dóum Evrópudómstólsins, þ.m.t. í dóum eftir gildistöku Maastricht sáttmálans, svo og 43. og 65. gr. sömu samninga að breyttu breytanda. Þessi afstaða okkar, að byggja á orðalagi EES-samningsins annars vegar og Lissabon samningsins hins vegar, grundvallast á tilhneigingu bæði EFTA dómstólsins og Evrópudómstólsins til að gera slíkt hið sama þegar álitamál rísa um raunveruleg réttaráhrif EES-réttar og ESB-réttar í einstökum málum. Á það ekki síst við þegar samningsaðilar að EES-samningnum eða aðildarríki að ESB innleiða reglur sem ætlaðar eru til þess að takmarka beint eða óbeint rétt einstaklinga og lögaðila til að nýta sér hið svokallað fjórfrelsi.

⁵ C-452/01, Ospelt and Schlössle Weissenberg, ECR I-9785, paras 27-29 og 32.

16. Þessi til viðbótar er rétt að vísa til tveggja samningsákvæða sem taka til þess hvernig farið skuli með dóma Evrópudómstólsins sem kveðnir voru upp *fyrir og eftir* undirritunardag EES-samningsins. Í 6. gr. EES-samningsins segir að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna Evrópudómstólsins í framtíðinni þá beri við framkvæmd og beitingu ákvæða samningsins að túlka þau til samræmis við dóma Evrópudómstólsins sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp *fyrir* undirritunardag EES-samningsins að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum í stofnsáttmálum Evrópusambandsins. Þá segir í 2. mgr. 3. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómistóls að við túlkun og beitingu EES-samningsins og nefnd sammings skuli eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í viðkomandi dómum Evrópudómstólsins sem kveðnir eru upp *eftir* undirritunardag EES-samningsins og varða túlkun stofnsáttmála ESB.⁶ Í framkvæmd hefur EFTA dómstóllinn skilyrt þennan greinarmun og forseti EFTA dómistólsins hefur í fræðigrein talið hann fyrst og fremst hafa pólítískt gildi: „In the EFTA Court’s practice, the politically important distinction between old and new case-law has largely been qualified.”⁷ Hafa þessar stofnanir fylgt eftir þessum ákvæðum og byggt ákvarðanir sínar á dómum Evrópudómstólsins sem túlkað hafa ákvæði stofnsáttmála Evrópusambandsins og gerðum settum á grundvelli þeirra eftir gildistöku Lissabonsáttmálans.⁸

17. Höfundar minnisblaðs benda á að bæði EFTA dómstóllinn og Evrópudómstóllinn hafa í reynd hafnað túlkunaraðferðum á borð við þær sem liggja til grundvallar álitsgerð Stefáns Más og Jens Hartwig. Þannig hafa stjórnvöld aðildarríkjanna iðulega telft fram svipuðum rökum, þ.e. að greinarmunur á markmiði og gildissviði EES-samningsins og stofnsáttmála Evrópusambandsins standi í veki þess að unnt sé að túlka EES-samninginn í samræmi við markmið hans um einsleitni. Þessu hefur EFTA dómstóllinn alfarið hafnað. Til að mynda hefur dómstóllinn sérstaklega tekið fram að meginreglan um einsleitni leiði til þess að *löglíkur* eru fyrir að ákvæði sem eru efnislega samhljóða í EES-samningnum og stofnsáttmála ESB skuli túlkuð og skýrð

⁶ Sjá S. Norberg, K. Hökborg, M. Johansson, D. Eliasson og L. Dedichen, *EEA Law - A Commentary on the EEA Agreement*, Fritzes 1993, bls. 189-193. Umfjöllun höfunda bókarinnar, sem allir störfuðu sem lögfræðingar hjá EFTA við samningu EES-samningsins, gefur til kynna að dómar Evrópudómstólsins sem uppkveðnir voru *eftir* undirritun EES-samningsins hafi ekki síður þýðingu en dómar sem uppkveðnir voru *fyrir* undirritun samningsins.

⁷ Sjá Carl Baudenbacher, *The EFTA Court and Court of Justice of the European Union: Coming in Parts but Winning Together*, Asser Press, bls. 187.

⁸ Sjá t.d. ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA, dags. 11. júlf 2012, um að fella niður mál nr. 67812 og 68826 vegna kvörtunar á hendur Noregi um að erlendum ríkisborgunum sé mismunað við kaup á fasteignum í Noregi og réttur þeirra samkvæmt 40. gr. EES-samningsins þannig takmarkaður. Í ákvörðun sinni vísar eftirlitsstofnunin til fjölmargra dóma Evrópudómstólsins sem fjalla m.a. um frjálst flæði fjármagns eftir samþykkt Maastricht sáttmálans. Um ákvörðunina verður fjallað síðar.

með sams konar hætti.⁹ Evrópudómstóllinn hefur komist að sömu niðurstöðu og tekið sérstaklega fram að bæði Evrópudómstóllinn og EFTA dómstóllinn hafi viðurkennt þörfina á að tryggja að efnislega samhljóða ákvæði skuli skýrð með sama hætti.¹⁰

18. Í framkvæmd hefur EFTA dómstóllinn byggt á sömu túlkunaraðferðum og Evrópudómstóllinn, þ.e. markmiðstúlkun þar sem framsækin túlkun (e. dynamic interpretation) kemur fyllilega til greina, í stað þeirrar lagatæknilegu nálgunar sem lögð er til grundvallar í álitsgerð prófessoranna tveggja. Forseti EFTA dómstólsins hefur lýst þessu svo: „...Special consideration is given to *effet utile*, and dynamic interpretation, i.e. judicial lawmaking, is not ruled out. In practice the EFTA Court follows the *same methods* of interpretation as the ECJ. In Case E-4/04 Pedicel, it found that the fundamental goal of creating dynamic and homogeneous EEA may make a dynamic interpretation of EEA law necessary. In other cases, it held that EEA law must be interpreted in view of its *effectiveness*.“¹¹

19. Af öllu framangreindu leiðir að beita skal markmiðstúlkun en ekki lagatæknilegri og taka ber tillit til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins við mat á efni og inntaki 40. gr. EES-samningsins þegar ákvarðað er hvort og að hvaða marki samningsaðilar að EES-samningnum geta takmarkað rétt erlendra einstaklinga og lögaðila til að kaupa fasteignir hér á landi, að því marki sem það kann að falla undir rétt þeirra til að flytja fjármagn í skilningi 40. gr. EES-samningsins.

D. Almennt um réttinn til fjármagnsflutninga skv. 40. gr. EES-samningsins

20. Í 40. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um eina meginreglu fjórfrelsисins, nánar tiltekið meginregluna um frjálst flæði fjármagns, en hún er svohljóðandi:

„Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.“

21. Líkt og þegar hefur komið fram þá ber við skýringu þessa ákvæðis að taka tillit til dóma Evrópudómstólsins, um sambærilegt ákvæði í Lissabon sáttmálanum, þegar efni

⁹ Sjá mál E-2/06, *EFTA Surveillance Authority v. Norway*, 59. mgr.: “[t]he principle of homogeneity enshrined in the EEA Agreement leads to a presumption that provisions identically framed [..]. are to be construed in the same way.”

¹⁰ Sjá Case C-268/02 Bellio Fratelli, 34. mgr.: “both the Court and the EFTA Court have recognised the need to ensure that the rules of the EEA Agreement which are identical in substance to those of the Treaty are to be interpreted uniformly.”

¹¹ Sjá Carl Baudenbacher, sbr. neðanmálgrein 7, bls. 197.

og inntak ákvæðisins er ákvarðað. Af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er ljóst að dómstóllinn hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að unnt sé að takmarka frjálst flæði fjármagns á grundvelli undantekninga sem upp eru taldar í 65. gr. Lissabon sáttmálans annars vegar og almannahagsmunu hins vegar (e. overriding requirements of the general interest). Þannig er ljóst að þrátt fyrir að ákvæðið mæli fyrir um að engin höft skuli vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns þá hafa samningsaðilar að EES-samningnum svigrúm til að setja lög og reglur sem takmarka þetta frelsi.

22. Eitt fyrsta málið þar sem reyndi á svigrúm aðildarríkja til að takmarka rétt erlendra aðila til að kaupa fasteignir varðaði jarðakaup á Írlandi. Í *Fearon* málinu var fjallað um þá ákvörðun enskra ríkisborgara að kaupa jörð á Írlandi, en sérstakt írskt félag var stofnað af þeirra hálfu í þeim tilgangi. Sérstök nefnd, sem hafði það hlutverk að fjalla um jarðakaup, hafnaði því að kaupin gengu eftir með vísan til þess að ensku ríkisborgararnir væru ekki búsettir á Írlandi líkt og írsk lög gerðu kröfu til. Í dómi Evrópudómstólsins sagði eftirfarandi um það hvort heimilt væri að gera slíka kröfu:

The question raised by the Supreme Court of Ireland seeks to ascertain, however, whether, having regard to the rules laid down in the Treaty, nationals of other Member States who have exercised their right of establishment in Ireland under Article 52 of the Treaty by participating in the formation of a company within the meaning of Article 58 of the Treaty can be required to meet a residence requirement.

That question must be answered in the affirmative if the obligation to reside on or near land is imposed by a Member State, within the framework of legislation concerning the ownership of rural land which is intended to achieve the objectives set out above, both on its own nationals and on those of the other Member States and is applied to them equally. A residence requirement so delimited does not in fact amount to discrimination which might be found to offend against Article 52 of the Treaty.

The reply to the question put to the Court by the Supreme Court of Ireland must therefore be that Article 52 of the Treaty does not prohibit a Member State from making exemption from compulsory acquisition measures adopted under legislation governing the ownership of rural land subject to a requirement that nationals of other Member States who have taken part in the formation of a land-owning company reside on or near the land, if that residence requirement also applies to nationals of that Member State and if

the powers of the compulsory acquisition are exercised in a discriminatory manner.¹²

23. Einstök aðildarríki hafa í landsrétti sínum innleitt mismunandi skilyrði sem uppfylla þarf vegna jarðakaupa eftir því hvort að þeirra eigin ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar eigi í hlut. Í Konle málínu reyndi m.a. á þetta og hvort að heimild væri fyrir setningu mismunandi skilyrða eftir því hvort kaupandinn væri ríkisborgari þess ríkis sem skilyrðin setti eða ríkisborgari annars aðildarríkis ESB. Dómstóllinn hafnaði alfarið því að slíkt fyrirkomulag stæðist bandalagsrétt og taldi að ef vægari skilyrði giltu um eigin ríkisborgara aðildarríkis þá væri það staðfesting þess að unnt væri að ná settu markmiði með vægari hætti. Í dóminum var ennfremur tekið skýrt fram að kaup á fasteignum væru samofin rétti á frjálsu flæði fjármagns. Í forsendum dómsins sagði m.a. um þetta atriði:

[I]t is common ground that national legislation on the acquisition of land must comply with the provisions of the Treaty on freedom of establishment for nationals of Member States and the free movement of capital. The Court has already held that, as is apparent from Article 54(2) of the Treaty, the right to acquire, use or dispose of immovable property on the territory of another Member State is the corollary of freedom of establishment [...]. As for capital movements, they include investments in real estate on the territory of a Member State by non-residents, as is clear from the nomenclature of capital movements set out in Annex I to Council Directive 88/361/EEC of 24 June 1988 for the implementation of Article 67 of the Treaty [...].

Accordingly, a procedure of prior authorization, such as that under the TGVG 1996, which entails, by its very purpose, a restriction on the free movement of capital, can be regarded as compatible with Article 73b of the Treaty only on certain conditions.

In that regard, to the extent that a Member State can justify its requirement of prior authorization by relying on a town and country planning objective such as maintaining, in the general interest, a permanent population and an economic activity independent of the tourist sector in certain regions, the restrictive measure inherent in such a requirement can be accepted only if it is not applied in a discriminatory manner and if the same result cannot be achieved by other less restrictive procedures.¹³

¹² C-182/83 Fearon ECR I-3678, paras 9-11.

¹³ C-302/97 Konle ECR I-3122, paras 22, 39-40.

24. Ef aðildarríki vilja undanskilja einstök svæði á grundvelli sérstakra sjónarmiða þá þarf að koma fram rökstudd afstaða af þeirra hálfu sem réttlætir að mismunandi reglur gildi á mismunandi svæðum sem gætu haft takmarkandi áhrif á rétt erlendra ríkisborgara þegar keyptar eru fasteignir. Í *Albore* málínun reyndi m.a. á þetta atriði. Tveir þýskir ríkisborgarar keyptu fasteign á Ítalíu, en skráningu eignafærslunnar var hafnað á þeim grundvelli að fasteignin væri nálægt herstöð. Við nánari skoðun kom í ljós að þau lög sem takmörkuðu rétt aðila til að kaupa fasteignir í tilteknum landshlutum undanskildu einungis ítalska ríkisborgara frá gildissviði þeirra. Í forsendum Evrópuðómstólsins var komist að þeirri niðurstöðu að í þessu fælist mismunun. Í niðurstöðu dómsins var tekið fram að aðildarríki þyrftu að hafa svigrúm til að gæta þjóðaröryggis en þar sagði eftirfarandi um mikilvægi þessa að efnislegt mat lægi fyrir þegar aðildarríki takmörkuðu jarðakaup á tilteknum svæðum:

In that regard, a mere reference to the requirements of defence of the national territory, where the situation of the Member State concerned does not fall within the scope of Article 224 of the EC Treaty (now Article 297 EC), cannot suffice to justify discrimination on grounds of nationality against nationals of other Member States regarding access to immovable property on all or part of the national territory of the first state.

The position would be different only if it were demonstrated, for each area to which the restriction applies, that non-discriminatory treatment of the nationals of all the Member States would expose the military interests of the Member State concerned to real, specific and serious risk which could not be countered by less restrictive measures.¹⁴

25. Í síðari dóumum sínum hefur Evrópuðómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að regluverk, sem gerir ráð fyrir því að opinbert leyfi þurfi til handa EES-ríkisborgunum og ESB-ríkisborgunum þannig að þeir geti nýtt sér rétt sinn samkvæmt 40. gr. EES-samningsins (63. gr. Lissabon sáttmálans) og keypt fasteign í samningsríki EES eða aðildarríki ESB, sé almennt talið of íþyngjandi. Í því sambandi hefur dómstóllinn lagt áherslu á að regluverk sem byggir á tilkynningu kaupanda sé til þess fallið að ná sama markmiði en þó án þess að brjóta gegn meðalhófsreglu bandalagsréttar. Í *Reisch* málínun var þetta álitamál tekið til umfjöllunar. Austurrískir aðilar keyptu fasteignir í nágrenni Salzborgar, en austurrísk lög gerðu ráð fyrir því að þessir aðilar tilkynntu um kaupin til sérstakrar stofnunar sem þurfti, ef sérstök ástæða var til, að samþykkja

¹⁴ C-423/98 *Albore* ECR I-5995, paras 21-22.

kaupsamninginn.¹⁵ Í forsendum dómsins var komist að þeirri niðurstöðu að sá hluti austurrísku laganna, sem gerði ráð fyrir að tilkynnt væri um viðskiptin fæli ekki í sér brot gegn frjálsu flæði fjármagns, á meðan að sá hluti austurrísku laganna, sem gerði ráð fyrir því að samþykki austurrískra stjórnvalda væri nauðsynlegt gildisskilyrði, bryti gegn 63. gr. Lissabon sáttmálans. Í forsendum dómsins sagði um fyrra atriðið:

It is not in dispute that those measures, by laying down a procedure of prior notification/authorization for the acquisition of immovable property, restrict, by their very purpose, the free movement of capital (see, to that effect, Konle, cited above, paragraph 39).

Such restrictions may nevertheless be permitted if the national rules pursue, in a non-discriminatory way, an objective in the public interest and if they observe the principle of proportionality, that is if the same result could not be achieved by other less restrictive means.

As regards the first requirement, it is apparent from paragraph 40 of the Konle judgment, cited above, that restrictions on the establishment of secondary residences in a specific geographical area, which a Member State imposes in order to maintain, for regional planning purposes, a permanent population and an economic activity independent of the tourist sector, may be regarded as contributing to an objective in the public interest. That finding can only be strengthened by the other concerns which may underly those same measures, such as protection of the environment [...].

As regards the second requirement, the Court held, in paragraphs 44 to 48 of the Konle judgment, cited above that a requirement of declaration prior to the purchase of building plots, coupled with the possibility of penalties for breach of the agreed declaration, for regional planning purposes, did comply with Community law [...].

26. Í forsendum dómsins sagði aftur á móti um seinna atriðið:

¹⁵ Það athugast að leitað var forúrskurðar Evrópusólmstólsins þrátt fyrir að málið varðaði ekki flutnings fjármagns milli aðildarríkja ESB, en það er almennt skilyrði fyrir því að meginreglur ESB-réttar komi til skoðunar. Evrópusólmstóllinn taldi að þrátt fyrir að fasteignakaupin lytu einungis að viðskiptum innan eins aðildarríkis ESB þá gæti dómstóllinn samt sem áður tekið málið til meðferðar enda ættu sömu viðmið við og þegar kaupandi væri erlendur aðili. Sjá nánar Joined Cases C-515/99, C-519/99 to C-524/99 and C-526/99 to C-540/99 Reisch ECR I-2192, parás 21 og 24-27.

As regards the procedure of prior authorization before the Grundverkehrslandeskommision, by contrast, the Court has already held that restrictions on the free movement of capital resulting from the requirement of prior authorization were able to be eliminated by means of an appropriate notification system without thereby detracting from the effective pursuit of the aims of those rules [...].

In the main proceedings, given the opportunity for supervision which the prior notification scheme affords to the public authority, the existence of criminal sanctions and a specific action for annulment which may be brought before the national court should the project carried out fail to comply with the initial declaration, the prior authorization procedure, which [...] may alone initiate on the basis of mere presumptions, cannot be regarded as a measure which is strictly indispensable to prevent infringements of the legislation in issue in the main proceedings in respect of secondary residences. This is all the more so given that the competent authorities may make the grant of prior authorization subject to requirements on which the [law] does not impose any substantive, and require the acquirer of title to provide security up to the value of the property.

The provision of the [law] relating to the prior authorization procedure before the Grundverkehrslandeskommision therefore go beyond both that which is necessary to achieve the chosen regional planning objective and the measures which Member States are entitled to take, as set our in Article 58(1)(b) EC, to prevent infringements of their laws and regulations.¹⁶

27. Evrópuðomstólinn hefur lagt ofangreind sjónarmið til grundvallar í síðari dómum. Þar hefur hann ekki útilokað að unnt sé að gera samþykki opinbers stjórnvalds að skilyrði fyrir gildi fasteignakaupa, en þá einungis að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í *Salzmann* málinu sem enn fremur varðaði fasteignakaup í nágrenni Salzborgar í Austurríki komst dómurinn svo að orði hvað þetta varðar:

Although the wording of Paragraph 8(3) of the VGVG does not establish any formal discrimination between Austrian nationals and nationals of the other Member States of the European Union or the EEA, the prior authorisation procedure which it introduces restricts, by its very purpose, the free movement of capital (see, to that effect, Reisch, paragraph 32). That procedure therefore

¹⁶ Joined Cases C-515/99, C-519/99 to C-524/99 and C-526/99 to C-540/99 Reisch ECR I-2192, paras 32-39.

falls within the scope of the prohibition laid down in Article 73b(1) of the Treaty.

